

Ed.

315. Breytingartillögur

[127. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 4 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 25%, af næstu 4 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 35%, en af tekjuskattsstofni yfir 8 000 000 kr. reiknast 45%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 5% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

2. Við 3. gr. Í stað „440 000 kr.“ í fyrri efnismálsgr. komi: 525 000 kr.

3. Við 4. gr.

a. 2. másl. efnismálsgr. orðist svo:

Barnabætur skulu nema 150 000 kr. með fyrsta barni, en 215 000 kr. með hverju barni umfram eitt.

b. 3. másl. efnismálsgr. orðist svo:

Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 65 000 kr. hærri.

c. 4. másl. efnismálsgr. orðist svo:

Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ætíð vera 280 000 kr. með hverju barni.

4. Við 6. gr. Í stað „65%“ komi: 53%.

5. Við 7. gr. Í stað „1.2%“ komi: 0.8%.

6. Við 8. gr. Við greinina bætist: og skal hann vera frádráttarbær til tekjuskatts.